

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Olíudreifing Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	13.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella
Heimili	Hólmaslóð 8-10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Krzysztof Dymitko	Staðsetning	

### Niðurstaða eftirlits

Engin frávík frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu en ein ábending var sett fram um að bæta þurfi skráningar á mælingum og þjónustu við olíuskilju, í rekstrarhandbók.

### Umfang eftirlits

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila á Eiðinu í Vestmannaeyjum. Starfsleyfið tekur til geymslu á allt að 5.300 m<sup>3</sup> af olíum og allt að 400 m<sup>3</sup> af bensíni í geymum félagsins. Búnaði til móttöku og afhendingu á olíum og rekstri löndunar- og afgreiðslulagna á bryggju. Gegnumstreymi bensíns skal vera minna en 5.000 tonn á ári. Einnig er heimil móttaka á 1.000 tonnum af úrgangsolíu í stöðinni. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2034.

#### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávík komu fram við eftirlitið en ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar orðalag tryggingaskírteinis vegna bráðamengunar hafs og stranda. Brugðist hefur verið við þeirri ábendingu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti og umfang stöðvarinnar er álíka og verið hefur. Til stendur að endurnýja starfsmannahús við stöðina og setja upp nýja skilju í austurporti ásamt sjálfvirkum loka.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Allir olíugeymar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum, alls 11 geymar. Næst skal mæla geyma merкта T2024 (900.01.00) og T2025 (900.03.00) árið 2024. Tvær lagnir liggja niður á bryggju, þ.e. olíulögn og bensínlögn. Voru þær þrýstiprófaðar árið 2019 og áframhaldandi notkun þeirra samþykkt en skulu þær þrýstiprófaðar næst árið 2024. Skv. gr. 4.2 í starfsleyfi skal þykktarmæla geyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa lagnir á 5 ára fresti. Öll afgreiðsla á geymanna er frá olíuflutningsskipinu Keili sem er í eigu rekstraraðila. Tvær olíuskiljur eru í stöðinni, önnur í vesturporti og hin í austurporti. Olíupróf með Macherey-Nagel strimlum var gert á frárennsli frá skiljunni í vesturporti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi, er eftirlitið fór fram og kom engin olía fram á því prófi. Ekki er hægt að taka sýni úr skiljunni í austurporti og verður henni skipt út. Full virkni er þó í skiljunni og lítið olíuálag þar sem settur hefur verið undantöppunarbúnaður við geyma í stað þess að undantöppun sé veitt í skiljuna. Báðar skiljurnar voru tæmdar í maí sl. Sjálfvirkur viðvörðunarbúnaður er í báðum skiljum.

Undantöppun geyma fer öll í bamba og þaðan aftur yfir í olíugeymi eftir fellingu

Olíublautum tuskum og öðrum úrgangi er skilað í Kubb sem er móttökuaðili úrgangs á svæðinu, eftir þörfum.

Bensín er geymt í þremur geymum í stöðinni og eru þeir með föstu þaki og því undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað skv. 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC). Flutningsbílar bensíns eru tengdir við söfnunarrör fyrir bensíngufur á áfyllingarplani og þeim dælt á geymi. Minnkar þetta tap á bensíngufum við ádælingu flutningsbíla um allt að helming.

Starfsleyfi og þær áætlanir sem skulu vera til staðar skv. starfsleyfi, voru uppfærðar og aðgengilegar í stöðinni, ýmist inni í rafrænum gagnagrunni eða útprentaðar í möppu. Öryggisblöð skv. REACH og skráningar eru vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók sem og útprentað í rekstrarhandbók sem aðgengleg er í stöðinni. Litið var yfir skráningar á mánaðarblöð í rekstrarhandbók sem og önnur skjöl. Sett er fram ábending um að bæta þurfi skráningarnar varðandi mælingar og þjónustu við olfuskilju. Teikning af stöðinni, flæðirit og viðbragðsáætlun var sýnilegt upp á vegg í starfsstöð.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina, þrær og geymar voru skoðaðir. Girðing er um stöðina og er hún heil og í góðu lagi, hlið stendur læst þegar stöðin er ómönnuð. Umsjónarmaður sinnir daglegu eftirliti með stöðinni. Stöðin er snyrtileg á að líta og vel við haldið.

## Ábendingar

Ábending er sett fram um að bæta þurfi skráningar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar hvað verðar mælingar og þjónustu við olfuskilju.


## Annað

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin.

Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 15.11.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

<sup>1</sup> Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>2</sup> Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta





